

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu, um það, hvert skuli renna sektir eptir 39. gr. laga 14. septbr. 1877. Í brjefi dagsettu 22. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, að gefnu tilefni frá sýslumanninum í Snæfellsness og Hnappadalssýslu, beiðzt leiðbeiningar minnar um það, hvert sektir eptir 39. gr. laga 14. sept. 1877, um kosningar til alþingis, eigi að renna, en um þetta vanti skýlaus fyrirmæli í nefndum lögum. Hafið þjer jafntramt tekið fram, að eðlilegast virðist, að sektirnar renni í landssjóð, bæði vegna þess, að nefnd lagagrein gjöri ráð fyrir þyngri hegning samkvæmt lögum, sem sje hegingarlögunum, og vegna þess, að mál útaf brotum þeim, er höfð eru fyrir augum í nefndi lagagrein, eigi að meðhöndlast sem sakamál, þar sem það sje eigi beinlinis tekið fram, að með þau skuli farið sem opinber lögreglumál, sbr. brjef landshöfðingja 20. desbr. 1881 (Stj.tíð. 1881 3. bls. 157–158).

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er samdóma álitu yðar um þetta atriði.

Auglýsing.

Samkvæmt fyrirmælum ráðgjafans fyrir Ísland skal jeg hjer með leiða athygli að eptirnefndum kennslubókum sem vel löguðum til notkunar við barnakennslu í skólum og heimahúsum á Íslandi. Bækurnar eru:

Barnabækur alþýðu, 1. bók. Stafrofskver, samið af J. J. (með skrifletri og myndum). Kaupmannahöfn 1899, á kostnað Bókasafns alþýðu.

Barnabækur alþýðu, 2. bók. Nýjasta barnagullið. Kaupmannahöfn 1899, kostnaðarmaður Oddur Björnsson.

Reykjavík, 13. janúar 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.